

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. júlí 2014
Tilvísun: UST20140600088/bs

Frummatsskýrsla. Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar framkvæmdir.

Til að nýta fallið á veituleið Blöndu frá Blöndulóni að Gilsárlóni er ráðgert að reisa allt að þrjár virkjanir á veituleiðinni. Þá fyrstu við Kolkustíflu, næstu milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns og þá þriðju milli Austara-Friðmundarvatns og Gilsárlóns. Uppsett afl þessara þriggja virkjana yrði samtals um 31 MW.

Helstu mannvirki auk stöðvarhúsa verða að- og fráveituskurðir, aðkomuvegir og bygging einnar stíflu. Nýtt lón verður myndað (Friðmundarlón). Fyrirhugað er að tengja þessar þrjár virkjanir við Blöndustöð með jarðstreng.

Áætlað er að til falli um 2,3 milljónir m³ af lausum jarðefnum. Haugsetja þarf um 1,6 milljónir m³ af jarðefnum sem ekki nýtast við framkvæmdina. Ráðgert er að haugsetja þetta efni á alls átta haugsvæðum. Fyrirhuguðum haugsvæðum hefur að mestu verið raskað við byggingu Blönduvirkjunar. Önnur jarðefni munu koma úr námum sem opnaðar voru við byggingu Blönduvirkjunar.


Fyrirhugaðar framkvæmdir eru að stórum hluta á svæðum sem þegar hefur að einhverju leyti verið raskað. Núverandi veituleið liggur milli vatna sem var raskað þegar jökulvatni var leitt um þau. Hér er í raun um að ræða viðbætur við mannvirki sem þegar eru fyrir hendi, þar sem ný mannvirki munu tengjast lónum og skurðum sem þegar eru til staðar. Sjónræn áhrif verða ekki mikil umfram þau áhrif sem þegar eru fram komin. Stöðvarhús verða í aðveituskurðum og að hluta niðurgrafin. Kjalvegur liggur að hluta um fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Ekki er talið líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa neikvæð áhrif á ferðamennsku og útivist þar sem hér er ekki um verulega áberandi mannvirki í samanburði við þau mannvirki sem þegar eru fyrir hendi. Engar jarðmyndanir sem njóta verndar skv. 37. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er að finna á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Votlendi verður raskað á um 8 ha stóru svæði. Ráðgert er að endurheimta votlendi í stað þess sem verður raskað.


Umhverfisstofnun telur jákvætt að í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir því verklagi sem viðhaft verður við landmótun og frágang raskaðs lands. Einnig telur stofnunin jákvætt að fyrirhugað sé að haugsetja efni á jafn mörgum stöðum og ráðgert er, en slík tilhögun gefur frekari möguleika til að fella haugsvæðin betur að svipmóti lands á fyrirhuguðu

framkvæmdasvæði. Einnig er jákvætt að ganga að nýju frá svæðum sem raskað var við byggingu Blönduvirkjunar, ef unnt verður að bæta frágang. Stofnunin telur jákvætt að nýta betur virkjanasvæði sem þegar hefur verið raskað í stað þess að taka ný og óröskuð svæði undir mannvirkjagerð.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfiáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Sigríður Kristjánsdóttir
sérfræðingur